



Strandabyggð  
Hafnarbraut 25  
510 Hólmavík

Dagsetning **21. mars 2024**  
Málsnúmer IRN24030139

Innviðaráðuneytinu hefur borist ábending um meinta ólögmeta stjórnslu sveitarfélagsins Strandabyggðar vegna framkvæmdar við boðun sveitarstjórnarfundar þann 21. mars 2024. Í ábendingunni kom fram að kjörnum fulltrúa minnihluta sveitarstjórnar hafi hvorki borist boð né dagskrárgögn vegna fundarins. Jafnframt kom fram að oddviti sveitarstjórnar hafi talið að fulltrúar minnihluta væru vanhæfir til að fjalla um mál sem var á dagskrá fundarins og hafi því sent varamönnum minnihluta boð og dagskrárgögn fundarins. Á vefsíðu sveitarfélagsins má jafnframt sjá tilkynningu frá 20. mars 2024, þar sem fram kemur að haldinn verði aukafundur sveitarstjórnar kl. 20 fimmtudaginn 21. mars, auk þess sem fram kemur að fundurinn sé lokaður.

Innviðaráðuneytið fer með eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum sbr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að mati ráðuneytisins snýr mál þetta að því hvort að sveitarfélagið hafi gætt að ákvæðum sveitarstjórnarlaga er snúa að boðun funda, ákvörðunartöku um lokun fundar og ákvörðunartöku um hæfi kjörinna fulltrúa. Þau lagaákvæði sem eiga við um umrædd atriði eru m.a. eftirfarandi:

Samkvæmt 15. gr. sveitarstjórnarlaga skal oddviti eða framkvæmdastjóri eða oddviti boða fund sveitarstjórnar auk þess sem segir að fundarboð vegna aukafundi *skuli berast sveitarstjórnarmönnum* svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Samkvæmt 16. gr. sveitarstjórnarlaga skulu fundir sveitarstjórna vera opnir en *sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál* skuli rædd fyrir luktum dyrum, þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn geta jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun funda.

Samkvæmt 7. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga, tekur *sveitarstjórn ákvörðun* um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Þá segir að sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt og nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Með vísan til framangreinds óskar ráðuneytið eftir skýringum sveitarfélagsins á eftirfarandi atriðum á grundvelli 113. gr. sveitarstjórnarlaga:

1. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að það samræmist 15. gr. sveitarstjórnarlaga, að senda kjörnum fulltrúm sveitarfélagsins ekki boð á aukafund sveitarstjórnar?
2. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að það samræmist 16. gr. sveitarstjórnarlaga að tilkynna í auglýsingu um fund sveitarstjórnar, sem birt var á vefsíðu sveitarfélagsins þann 20. mars sl., að fundur sveitarstjórnar sé lokaður þegar ákvæðið kveður á um að sveitarstjórn taki ákvörðun um hvort einstök mál skuli vera rædd fyrir luktum dyrum?
3. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að ákvörðun um hæfi aðalmanna minnihluta sveitarstjórnar, sem virðist hafa verið tekin í tengslum við boðun fundar sveitarstjórnar þann 21. mars, samræmist 7. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður m.a. á um að *sveitarstjórn* taki hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og að sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli megi taka þátt í afgreiðslu um hæfi sitt?

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt á netfangið [irn@irn.is](mailto:irn@irn.is), eigi síðar en kl. 12.00, föstudaginn 22. mars nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga og eftir atvikum öðrum ákvæðum XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Ráðuneytið telur ástæðu til að áréttta að ákvarðanir sem teknar eru á sveitarstjórnarfundi sem ekki er boðað til í samræmi við sveitarstjórnarlög, teljast ólögættar. Ákveði sveitarfélagið að boða til nýs fundar sveitarstjórnar er nægilegt að upplýsa ráðuneytið þar um.

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn Ingi Óskarsson